

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sjálfseignarstofnunina „Gamla barnaskólann, Skógum - Fnjóskadal“.

1. gr.

Sjálfseignarstofnunin heitir „Gamli barnaskólinn, Skógum – Fnjóskadal“ og starfar skv. lögum nr. 19/1988. Stofnunin stundar ekki atvinnurekstur.

2. gr.

Heimilisfang stofnunarinnar er að Skógum í Fnjóskadal, 601 Akureyri. Sveitarfélag Þingeyjar-sveit.

3. gr.

Markmið stofnunarinnar er að halda við húsnæði gamla barnaskólans í Skógum, jafnframt því að varðveita menningarlegt og sögulegt gildi þess. Í þessu húsi var einnig þingstaður, símstöð og póstafrgreiðsla. Þá var þetta félagsheimili og fundarstaður fyrir íbúa sveitarinnar. Ráðstafa skal fjármunum sjálfseignarstofnunarinnar til viðhalds húsnæðisins og til að varðveita menningarlegt og sögulegt gildi þess m.a. með söfnun gamalla muna, sýningarhaldi og að gefa almenningi kost á því að njóta hússins og sögu þess.

Gert er ráð fyrir að stofnunin afli sér tekna til að ná markmiðum sínum, m.a. með frjálsum framlögum og tilfallandi aðstöðuleigu. Stofnunin er ekki rekin í hagnaðarskyni.

4. gr.

Stofnendur stofnunarinnar eru:

- A. Búnaðarfélag Fnjóskdæla, kt. 531296-2659.
- B. Fjarræktarfélag Hálshrepps, kt. 450401-3580.
- C. Kvenfélag Fnjóskdæla, kt. 530505-0650.
- D. Skógræktarfélag Fnjóskdæla, kt. 550302-3220.
- E. Ungmennafélagið Bjarmi, kt. 500387-2979.

Framlag hvers félags er kr. 200.000 í formi 20% hlutdeildar í húseigninni.

5. gr.

Stofnfé stofnunarinnar er kr. 1.000.000, sem lagt er fram af stofnendum, sbr. 4. gr. Stofnfé er óskerðanlegt.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim eignum er hún kann að eignast síðar. Stofnendur hafa engin sérréttindi í stofnuninni.

6. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð þremur mönnum til 3 ára í senn. Jafnframt skulu við kjör á aðalmönnum í stjórn kosnir tveir menn í varastjórn til sama tíma. Stofnendur tilnefna fyrstu stjórn, en eftirleiðis mun fráfarandi stjórn, við lok kjörtímabils, kjósa nýja stjórn.

Við val stjórnarmanna skal einfaldur meirihluti ráða. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Stjórnin stýrir öllum málefnum stofnunarinnar og kemur fram út á við fyrir hönd hennar. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi hennar sé jafnan í réttu og góðu horfi. Undirritun meirihluta stjórnar skuldbindur stofnunina. Stjórn stofnunarinnar getur veitt umboð fyrir stofnunina.

Stjórnarfundir eru lögmatir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvægar ákvarðanir má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi fjallað um málið, sé þess nokkur kostur. Halda skal fundargerðabók um það sem fram fer á stjórnarfundum.

7. gr.

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfundar.

8. gr.

Stjórn stofnunarinnar er heimilt að ráða framkvæmdastjóra. Framkvæmdastjóri á rétt til setu á stjórnarfundum þótt hann sé ekki stjórnarmaður, en fer ekki með atkvæðisrétt. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og skoðunarmönnum allar upplýsingar um rekstur stofnunarinnar, sem þeir kunna að óska eftir, og veita ber samkvæmt lögum.

9. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal velja einn eða fleiri skoðunarmenn til að yfirfara reikninga stofnunarinnar fyrir hvert starfsár. Skoðunarmenn má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna.

10. gr.

Reikningsárið er almanaksárið og er fyrsta reikningstímabil frá stofnun sjálfseignarstofnunarinnar til næstu áramóta.

11. gr.

Til þess að breyta skipulagsskrá þessari, sameina stofnunina annarri sjálfseignarstofnun eða leggja hana niður, þarf samþykki allra stjórnarmanna stofnunarinnar. Slíka ákvörðun skal svo bera skriflega undir embætti sýslumannsins á Sauðárkróki. Komi til niðurlagningar stofnunarinnar skal hreinni eign hennar varið til góðgerðarmála í gamla Hálsahreppi.

12. gr.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Sýslumaðurinn á Sauðárkróki, 17. febrúar 2011.

Ríkarður Másson.

Björn Ingi Óskarsson.